

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/2102

2018/EES/25/17

frá 15. nóvember 2017

um breytingu á tilskipun 2011/65/ESB um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB ⁽³⁾ um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði inniheldur beiðni um að framkvæmdastjórnin kanni þörfina á því að breyta gildissviði þeirrar tilskipunar að því er varðar raf- og rafeindabúnaðinn sem fellur undir hana og, ef við á, leggi fram tillögu að nýrri löggjöf að því er tekur til viðbótarundarþaga í tengslum við þennan raf- og rafeindabúnað.
- 2) Auðvelda ætti starfsemi á eftirmarkaði m.t.t. raf- og rafeindabúnaðar, sem felur í sér viðgerðir, útskipti á varahlutum, endurnýjun og endurnotkun og ísetningu endurbótarhluta, til að stuðla að hringrásarhagkerfi í Sambandinu. Tryggja ætti öflugan vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið, m.a. með umhverfissvænni endurheimt og förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs. Forðast ætti alla óþarfa stjórnsýslubyrði á markaðsaðila. Með tilskipun 2011/65/ESB er leyft að bjóða raf- og rafeindabúnað, sem féll utan gildissviðs fyrri tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB ⁽⁴⁾ en uppfyllir ekki skilyrðin í tilskipun 2011/65/ESB, áfram fram á markaði til 22. júlí 2019. Eftir þann dag eru þó bæði setning raf- og rafeindabúnaðar, sem uppfyllir ekki skilyrði, á markað og starfsemi á eftirmarkaði bannaðar. Slíkt bann við starfsemi á eftirmarkaði er í ósamræmi við almennar meginreglur, sem liggja að baki ráðstöfunum Sambandsins um samræmingu laga sem varða vörur, og því ætti að fella það brott.
- 3) Undanskilja ætti tiltekna sérhæfða vöruflokka undan gildissviði tilskipunar 2011/65/ESB þar eð innfelling þeirra myndi hafa í för með sér óverulegan ábata fyrir umhverfi eða heilbrigði og valda óleysanlegum reglufylgnivandamálum eða röskun á markaði sem ekki er hægt að takast á við á fullnægjandi hátt með undanþágukerfinu sem kveðið er á um í þeirri tilskipun.
- 4) Orgelpípur eru búnar til með því að nota sérstaka tegund af málmblendi, sem er að stofni til úr blýi, en enginn staðgöngukostur hefur fundist enn sem komið er. Flestar orgelpípur eru hafðar á sama stað öldum saman og er mjög sjaldan skipt út. Því ættu pípuorgel að falla utan gildissviðs tilskipunar 2011/65/ESB þar eð innfelling þeirra myndi hafa í för með sér óverulegan ábata með tilliti til þess að skipta út blýi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 305, 21.11.2017, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB C 345, 13.10.2017, bls. 110.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 3. október 2017 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 23. október 2017.

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/ESB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtið. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19).

- 5) Tilskipun 2011/65/ESB gildir ekki um færanlegan vélbúnað til nota utan vega með innbyggðum aflgjafa, sem er eingöngu færanlegur til nota í atvinnuskyni. Að því er varðar tiltekna tegundir færanlegs vélbúnaðar til nota utan vega eru þó framleiddar tvær útfærslur í sömu framleiðslulínu; eini munurinn er aflgjafinn (annaðhvort innbyggður eða ytri). Samkvæmt þeirri tilskipun ætti að meðhöndla þessar tvær útfærslur á sama hátt. Því ætti færanlegur vélbúnaður til nota utan vega, með viðnámsdrifi (e. *traction drive*) sem er knúid ytri aflgjafa, einnig að falla utan gildissviðs tilskipunar 2011/65/ESB.
- 6) Að því er varðar alla viðkomandi flokka raf- og rafeindabúnaðar, eins og sett er fram í I. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB, ættu skilyrðin vegna undanþágu fyrir endurnýtta varahluti, sem eru endurheimtir úr raf- og rafeindabúnaði, að vera tilgreind með skýrum hætti. Á sama hátt ætti einnig að tilgreina með skýrum hætti hámarksgildistímabil fyrir núgildandi undanþágur fyrir alla viðkomandi flokka raf- og rafeindabúnaðar, þ.m.t. fyrir 11. flokk, þar eð undanþágur frá takmörkunum á notkun tiltekinnna hættulegra efna ættu að gilda í takmarkaðan tíma.
- 7) Þegar umsókn um endurnýjun á undanþágu er lögð fram er framkvæmdastjórninni skylt að taka ákvörðun í síðasta lagi 6 mánuðum áður en gildandi undanþága fellur úr gildi nema sérstakar aðstæður réttlæti annan frest. Enginn frestur er tilgreindur fyrir framkvæmdastjórnina til að taka ákvörðun varðandi umsóknir um nýjar undanþágur. Samkvæmt skýrslu frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins og ráðsins frá 18. apríl 2016 um beitingu heimilda sem framkvæmdastjórnin eru veittar til að samþykkja framseldar gerðir samkvæmt tilskipun 2011/65/ESB hefur þessi frestur reynst óhagkvæmur í framkvæmd vegna þess að þörf er á að fylgja nokkrum skyldubundnum verklagsferlum við mat á umsókn um endurnýjun á undanþágu. Frestur bætir engum virðisauka við núverandi málsmeðferð við mat á umsóknum um endurnýjun en skapar þess í stað óvissu fyrir fyrirtæki og aðra hagsmunaaðila sökum þess að hann er óraunhæfur. Á hinn bóginn er rekstrarsamfella tryggð þar eð markaðsaðilar geta reitt sig á að gildandi undanþága sé gild þangað til ákvörðun hefur verið tekin um umsókn um endurnýjun. Þess vegna ætti að fella brott ákvæðið sem tengist frestum. Þó ætti framkvæmdastjórnin að láta umsækjandanum, aðildarríkjunum og Evrópuþinginu í té tímalínu, skömmu eftir móttöku umsóknar, vegna samþykktar á ákvörðun sinni varðandi umsóknina. Enn fremur ætti almenn endurskoðun á tilskipun 2011/65/ESB, sem framkvæmdastjórnin á að inna af hendi eigi síðar en 22. júlí 2021, að innihalda nákvæma skilgreiningu á raunhæfum fresti vegna ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar varðandi umsókn um endurnýjun á undanþágu áður en viðkomandi undanþága fellur úr gildi.
- 8) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, sem eru að stuðla að heilsuvernd manna og umhverfisvænni endurheimt og förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með takmörkunum á notkun hættulegra efna í raf- og rafeindabúnað, vegna þess að misræmi í lögum eða stjórnsýsluákvæðum, sem aðildarríkin samþykkja, gæti skapað viðskiptahindranir og valdið röskun á samkeppni innan Sambandsins og gæti þar með haft bein áhrif á innri markaðinn og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa vandamálsins, að því er varðar aðra löggjöf Sambandsins um endurheimt og förgun úrgangs og svið þar sem um sameiginlega hagsmuni er að ræða, s.s. heilsuvernd manna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2011/65/ESB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 2. mgr. falli brott.

b) eftirfarandi liður bætist við í 4. mgr.:

„k) pípuorgel.“

2) Í stað 28. liðar 3. gr. komi eftirfarandi:

„28) „færanlegur vélbúnaður til nota utan vega, sem eingöngu er færanlegur til nota í atvinnuskyni“: vélbúnaður með innbyggðan aflgjafa eða með viðnámsdrifi sem er knúid ytri aflgjafa, sem útheimtir annaðhvort hreyfanleika eða samfelldan, eða því sem næst samfelldan, flutning milli nokkurra fastra vinnustöðva við vinnslu og er eingöngu færanlegur til nota í atvinnuskyni.“

3) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Ákvæði 1. mgr. gilda um lækningatæki og tæki til vöktunar og eftirlits, sem eru sett á markað frá 22. júlí 2014, um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi, sem er settur á markað frá 22. júlí 2016, um tæki til vöktunar og eftirlits í iðnaði, sem eru sett á markað frá 22. júlí 2017, og um allan annan raf- og rafeindabúnað sem féll utan gildissviðs tilskipunar 2002/95/EB og sem er settur á markað frá 22. júlí 2019.“

b) Eftirfarandi liður bætist við í 4. mgr.:

„ea) öllum öðrum raf- og rafeindabúnaði sem féll utan gildissviðs tilskipunar 2002/95/EB og sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2019.“

c) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um endurnýtta varahluti að því tilskildu að endurnýtingin fari fram í endurskoðunarhæfu, lokuðu skilakerfi fyrir viðskipti milli fyrirtækja og að endurnýting varahluta sé tilkynnt neytandanum:

- a) endurnýtta úr raf- og rafeindabúnaði, sem er settur á markað fyrir 1. júlí 2006, og notaðir í raf- og rafeindabúnað sem er settur á markað fyrir 1. júlí 2016,
- b) endurnýtta úr lækningatækjum eða vöktunar- og eftirlitstækjum, sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2014, og notaðir í raf- og rafeindabúnað sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2024,
- c) endurnýtta úr lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi, sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2016, og notaðir í raf- og rafeindabúnað sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2026,
- d) endurnýtta úr vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2017, og notaðir í raf- og rafeindabúnað sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2027,
- e) endurnýtta úr öllum öðrum raf- og rafeindabúnaði, sem féll utan gildissviðs tilskipunar 2002/95/EB og sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2019, og notaðir í raf- og rafeindabúnað sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2029.“

4) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Þegar um er að ræða undanþágurnar, sem taldar eru upp í III. viðauka 21. júlí 2011, skal hámarksgildistíminn, sem hægt er að endurnýja, nema að styttri tími sé tilgreindur, vera:

- a) fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í I. viðauka: 5 ár frá 21. júlí 2011,
- b) fyrir 8. og 9. flokk í I. viðauka: 7 ár frá viðeigandi dagsetningum, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr., og
- c) fyrir 11. flokk í I. viðauka: 5 ár frá 22. júlí 2019.“

b) Eftirfarandi liður bætist við í 4. mgr.:

„ba) innan mánaðar frá viðtöku umsóknar, láta umsækjandanum, aðildarríkjunum og Evrópuþinginu í té tímalínu vegna samþykktar á ákvörðun sinni varðandi umsóknina“.

c) Fyrsti málsliður annarrar undirgreinar í 5. mgr. falli brott.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12. júní 2019. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 15. nóvember 2017.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. MAASIKAS

forseti.
